

BÆJANÖFN O.FL.

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1991:

ÁRNESSÝSLU:

Sandlækjarkot II á nýbýli í landi Sandlækjarkots, Gnúpverjahreppi.

Hvolsbrún á nýbýli í landi Ingólfshvols, Ölfushreppi.

Vorsabær III á þjónustubýli í landi Vorsabæjar, Gaulverjabæjarhreppi.

Hæðarbrún á þjónustubýli í landi Hæðarenda, Grímsneshreppi.

SUÐUR-PINGEYJARSÝSLU:

Hafralæk II á nýbýli í landi Hafralækjar, Aðaldælahreppi.

VESTUR-HÚNAVATNSSÝSLU:

Bálkastaðir II á nýbýli í landi Bálkastaða, Staðarhreppi.

Bálkastaðir III á nýbýli í landi Bálkastaða, Staðarhreppi.

SKAGAFJARÐARSÝSLU:

Eyhildarholt II á nýbýli í landi Eyhildarholts, Rípurhreppi.

Menntamálaráðuneytið, 19. desember 1991.

F. h. r.

Árni Gunnarsson.

Pórunn J. Hafstein.

AUGLÝSING**um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla.**

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta gildistöku eftirtalinna breytinga samkvæmt 1. gr. laganna.

1. Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr. Frestað er niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll. Ennfremur er frestað færslu Stórolfshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólstaðaprestakall.
2. Í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, sbr. VII. lið 1. gr. Frestað er niðurlagningu Söðulholtsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Staðastaðarprestakall. Ennfremur er frestað stofnun Ingjaldshólsprestakalls.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 1. janúar 1993.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. desember 1991.

Þorsteinn Pálsson.

Anna Guðrún Björnsdóttir.